

134 Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Stokkseyrar, nr. 40 22.
6. okt. marz 1956.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. október 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

135

9. okt.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Patrekshrepps, nr. 153 26. ágúst 1953.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem svo er ástatt um, sem ræðir í 7. gr., skal greiða vatnsskatt 5% — fimm af þúsundi — fasteignamatsverðs árlega, þó skal lágmark skattsins vera kr. 150.00, fyrir hvert íbúðarhús, auk þess skal greiða kr. 75.00 fyrir hverja íbúð, sem búið er í, umfram eina í hverju húsi.

2. gr.

9. gr. orðist svo:

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, svo sem verksmiðjur, frystihús, iðnaðarfyritæki o. fl., skal greiða vatnsskatt 20% — tuttugu af þúsundi — af fasteignamatsverði. Heimilt er hreppsnefnd að krefjast greiðslu samkvæmt vatnsmælum, og skal þá greiða allt að 90 aura fyrir hverja smálest upp að 1000 smál., og allt að 50 aura fyrir hverja smál., sem umfram er.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Bifreiðaeigendur skulu greiða árgjald af hverri skrásettri bifreið kr. 75.00, enda láti vatnsveitan bifreiðaeigendum af hendi aðgang að vatni til bílaþvotta. Önnur vatnsafnot en hér hafa verið nefnd, skal greiða samkvæmt samkomulagi við hreppsnefnd.

Reglugerðarbreyting þessi, sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. október 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.